

# Mosfellsfréttir

22. árgangur, 1. tbl. Apríl 2006 [www.mosfellsfrettir.is](http://www.mosfellsfrettir.is)



## *Opnar dyr fyrir alla*

Kristbjörg Þórisdóttir  
bls. 3

## *Frábærir framtíðarmöguleikar*

Martein Magnússon í viðtali  
bls. 4

## *Kynning á fram- bjóðendum*

bls. 6-7

## *Skóli fyrir alla*

Óðinn Pétur Vigfússon  
bls. 9

## *Mest hækkun fasteignagjalda*

bls. 11

## *Leirvogstungu- landið tekið*

## *framfyrir*

Baksíða

**GLEÐILEGA PÁSKA**



## Leiðari

Ágæti bæjarbúi!

Senn líður að sveitarstjórnarkosningum en þær verða laugardaginn 27. maí n.k.

Í opnu blaðsins er kynntur framboðslisti B-listans fyrir komandi kosningar, en listinn er skipaður 14 aðilum ungum sem öldnum. Fólki sem hefur búið lengi í bæjarfélaginu og öðru sem hafa búið styttra hér í Mosfellsbæ. Allt er þetta dugmikið fólk með mikla reynslu, áhugasamir aðilar sem eru tilbúinir að vinna fyrir þig og þína.



Ég sjálfur hef ákveðið að draga mig í hlé eftir nær 12 ára starf í forystu fyrir listann og færa mig yfir í bakvarðasveitina. Á þessum tímamótum vil ég þakka ykkur fyrir frábæran stuðning í þeim þremur bæjarstjórnarkosningum sem ég hef boðið mig fram í. Eftir nær 20 ára samfellda valdatíð sjálfstæðismanna, sem voru með litla sem enga framtíðarsýn og m.a. með skólamála-, skipulags- og byggingarmál í miklum ólestri kom ég inn í bæjarmálin og hefur Mosfellsbær tekið miklum stakkaskiptum síðan.

Vonandi fær B-listinn áfram mikinn stuðning frá bæjarbúum, en öflugt afl er nauðsynlegt til að skapa lýðræði í bæjarmálunum. Ég treysti mínu fólki til góðra verka, fólki fullu af hugmyndum og krafti til að koma þeim áfram.

## X-B í komandi sveitarstjórnarkosningum!

Það tryggir uppgang og velferð Mosfellsbæjar, þar sem allir fá að vera með.

Pröstur Karlsson  
Bæjarfulltrúi B-listans

## MOSFELLSFRÉTTIR

Blað Framsóknarfélags  
Mosfellsbæjar,  
22. árgangur, 1. tbl. Apríl 2006

Ritstjóri og ábm. Ingi Már  
Aðalsteinsson  
Myndir: Ingólfur Júlíusson ofl.  
Ritnefnd: Ingi Már Aðalsteinsson,  
Magnús Jósefsson og Sigríður  
Sigurðardóttir.  
Dreifing: Íslandspóstur  
Umbrot og tölvuvinnsla:  
NN Fjölmiðlaþjónusta  
nn@centrum.is

Prentun: Prentmet

## Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ

Fimmtudaginn 9.  
mars s.l. afhentu  
konur úr Kvenfélagi  
Lágafellssóknar  
í Mosfellsbæ Siv  
Friðleifsdóttur  
heilbrigðisráðherra  
undirskriftarlista til



stuðnings byggingar hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ, en um 2400 íbúar í bæjarfélaginu skrifuðu undir listann. Á myndinni má sjá Siv Friðleifsdóttur, Salome Þorkelsdóttur og konur úr Kvenfélagi Lágafellssóknar í Mosfellsbæ á Alþingi.

Á 438 fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann 15. mars var samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur árum saman lagt á það áherslu að hjúkrunarheimili verði byggt í bænum en án árangurs fram til þessa. Nú hafa fleiri lagt þessu máli lið og í ljósi ályktunar frá fundi Félags aldraðra í Mosfellsbæ og undirskriftasöfnunar Kvenfélags Lágafellssóknar þá skorar bæjarstjórn Mosfellsbæjar á heilbrigðisráðherra og ríkisstjórnina alla að veita vilyrði fyrir uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ.“

Í dag búa tæplega 7200 íbúar í Mosfellsbæ og er gert ráð fyrir verulegri fjölgun á næstu árum. Eldra fólki fjölgar ört í Mosfellsbæ og því er skýr þörf fyrir að hefja uppbyggingu hjúkrunarheimilis í bæjarfélaginu sem er það 7. stærsta í landinu.

Sem stendur eru milli 30 og 40 Mosfellingar vistaðir á hjúkrunarheimilum vítt og breytt um landið sem er óásætlanleg niðurstaða bæði fyrir þá sjúku og öldruðu og aðstandendur þeirra. Auk þess eru fjöldi einstaklinga búsettir í Mosfellsbæ í brýnni þörf fyrir vistun á hjúkrunarheimili.

Á Íslandi ríkir mikil velferð því er það skylda þeirra sem eru í forsvari á Alþingi, í ríkisstjórn og í sveitarstjórnnum að sinna málefnum aldraðra af krafti og áráði þannig að þeir geti notið síðari hluta æviáranna með reisn

## Ljósleiðaravæðing Mosfellsbæjar

Á fundi bæjarráðs 2. mars s.l. var samþykkt að heimila bæjarstjóra að ganga til samninga við Orkuveitu Reykjavíkur um ljósleiðaravæðingu.

Pröstur Karlsson bæjarfulltrúi fagnaði því að þetta mál sé að komast í höfn og sagði þetta auka lífsgæði í Mosfellsbæ til muna, en Pröstur lagði upphaflega til að þessi leið yrði farin.

## Tónleikar Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar hélt sína árlegu vortónleika í Íþróttamiðstöðinni að Varmá 12. mars. Allar þrjár sveitir skólans spiluðu og voru efnistösk að vanda fjölbreytt allt frá Latabæ eftir Mána Svavarsson til A Space Odyssey eftir Richard Strauss. Mikill fjöldi fólks var mættur til að hlýða á hljómsveitina og var þétt setið. Allar sveitirnar stóðu sig frábærlega og hljómsveitin sannaði enn og aftur hvað hún er að gera góða hluti. Stjórnendur voru þeir Birgir D. Sveinsson og Daði Þór Einarsson.

## GLEÐILEGA PÁSKA

ÞAÐ SEM TIL PÁRF

**VGH**  
MOSFELLSBÆ  
Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 6279 896 9443 896 2279

*Hélgardur*

VEISLUGARÐUR  
Veisluþjónustan HÍGARÓL  
Háholti 2, 270 Mosfellsbær  
Sími 566 6195, Fax 566 6097

- Afmælisveisur
- Fermingarveisur
- Sælkeraveisur
- Jólhláðabörð
- Þorablót
- Árs hátíðir
- Brúkaupsveisur
- Erifdrykkjur
- Ráðstefnur
- Fundir
- Ættarmót
- Þinnamat
- Hlaðbörð
- Smáréttir

## Veidiland



Sjúkraþjálfun Mosfellsbæjar  
Skeljatanga 20 - sími 566 8520  
Sonja Riedman löggiltur sjúkraþjálfari

Fagmennska í fyrirtæmi

RÉTTINGAVERKSTÆÐI  
JÓNS B. ehf.

CELETTE

Rafvellir

Jónas Björnsson löggildur rafverktaki

**REYKJABÚID**  
REYKJUM • 270 MOSFELLSBÆ • Sími 566 6800

Rafmagnun ehf.

Löggiltir Rafverktakar  
Háholti 14 Mosfellsbæ

Haraldur Amarnson  
S. 861-0665

Þjórgvin Jónsson  
S. 897-2372

Alhliða rafverktakar

Byður upp á:

Allar almenningar snyrtingar, varanlega forðun (tattar), líkamsmuði, hefuráberna og spjallþáttsgæmmeferð, ströng 3 2 1, fátöðugerur. Érum með falleg gjafakort.

Líkami og sál

Verð ávallt veikomin

**Hilmar Sigurðsson**  
Viðskiptafræðingur  
Pverholti 2, 5. hæð • Sími 566 6501



**GRILL-NESTI**

# Opnar dyr fyrir alla, Mosfellsbær án þröskulda

Eftir Kristbjörgu Þórisdóttur

Kæru bæjarbúar!

Þann 27. maí næstkomandi verður kosið til sveitarstjórnar.

Mikilvægt er að skoða vel stefnuskrár allra framboðslista og velja það fólk til starfa sem þið treystið best fyrir bænum okkar næstu fjögur árin.

Í Mosfellsbæ er gott að búa. Til þess að gera bæinn enn betri þurfum við að huga að ýmsum málum.

Samfélag manna er margbreytilegt. Við erum á öllum aldri, kynjum, stærðum og gerðum. Við þurfum að byggja upp bæ sem er fyrir alla bæjarbúa en ekki aðeins meginþorra þeirra. Það hafa allir bæjarbúar eitthvað fram að færa og hver manneskja hefur sína styrkleika sem nýtast. Við þurfum að byggja upp bæ sem er án þröskulda í eiginlegri og óeiginlegri merkingu og þannig aðgengilegur fyrir alla. Aðgengilegur felst meðal annars í því að allir geti ferðast um hann, nálgast upplýsingar og fleira.



Kristbjörg  
Þórisdóttir

Fólk sem býr við skerðingu af einhverju tagi svo sem hreyfihömlun, sjónskerðingu, heyrnarskerðingu, þroskahömlun, geðræn vandkvæði eða annað á sama rétt og aðrir til fullrar samfélagsþátttöku. Í því felst rétturinn til menntunar, búsetu, atvinnu (lög um málefni fatlaðra nr.59/1992), fjölskyldulífs og fleira.

Mikilvægt er fyrir bæjarfélag eins og Mosfellsbæ að vera framúrskarandi í málefnum fatlaðs fólks eigi síður en annarra íbúa bæjarfélagsins og brjóta niður þær hindranir sem skapa fólki með skerðingar frekari fötlun. Þannig höfum við sem bæjarfélag áhrif á málefni fatlaðs fólks á landsvisu og erum fyrirmynd fyrir önnur bæjarfélög. Við bæjarbúar þurfum að stuðla að því að allir geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu okkar óháð aldri, kyni, uppruna eða fötlun. Við þurfum að hugsa um hvernig við getum hannað samfélag okkar þannig að það sé fyrir alla. Við þurfum að finna leiðir til að ná því markmiði að allir sitji við sama borð og fái sömu tækifæri miðað við þarfir hvers og eins. Það er gott að hafa hina gullnu reglu að leiðarljósi sem hljóðar þannig: Komdu fram við náungann eins og þú vilt

að náunginn komi fram við þig. Hvað er það annað en virðingarleysi og fordómar að ætla fólki sem býr við fötlun, er komið á efri ár eða annað önnur lífskjör en við myndum sjálf vilja njóta?

B-listinn lætur sig varða málefni allra bæjarbúa. B-listann skipar fólk sem hefur ólíka reynslu og meðal annars áralanga reynslu af starfi með fötluðu fólki. B-listinn vill sjá Mosfellsbæ verða bæ án þröskulda þar sem hver og einn nýtur sín á eigin verðleikum og leggur sitt lóð á vogarskálarnar. B-listinn er fyrir þig!

Kæru bæjarbúar, nú hafið þið öll trompin á hendi. Þið hafið val. Þið hafið val um hvernig bæjarfélag þið viljið sjá til framtíðar. Ég hvet alla bæjarbúa til að mæta á kjörstað, hafa áhrif og kjósa B-lista sem vinnur fyrir ALLA bæjarbúa.

*Höfundur starfar sem forstöðumaður á sambýli hjá SSR (Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík) og leggur stund á MA nám í fötlunarfræði við Háskóla Íslands. Höfundur skipar 6. sæti á framboðslista B-listans.*



## Sumarhús

Mjög spennandi útfærsla á sumarhúsi í gömlum íslenskum stíl. Margir áhugaverðir hönnunarmöguleikar. Má útfæra eftir nánara samkomulagi við byggingaraðila. Afar vönduð vinna og örugg þjónusta.



## Leirutangi - Sér inngangur

Til sölu mjög falleg 92,5 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi og sér garði við Leirutanga í Mosfellsbæ. Flísar á stofu. Útgengt í sér garð úr stofu. Hellulögð verönd. Fallegt eldhús með góðri eldhúsinnréttingu. Borðkrókur. Flísar á baði. Sér þvottahús. Tvö svefnherbergi. Mjög barnavænt umhverfi. **V. 17,8 m.**



## Bergholt.

**Nýtt í sölu.** Mjög vandað 184 fm. einbýli við eina fallegustu götu Mosfellsbæjar. 4 svefnherbergi. 2 baðherbergi/snyrtingar. Björt stofa með arni. Stór bilskúr með geymslu inn af. Fallegur garður. Gróid hverfi. Nýtt K gler í öllum gluggum og nýr þakkantur. **V. 37,8 m.**



## Byggðarholt. Laus strax

**Nýtt í sölu.** Mjög vel staðsett 176,2 fm. raðhús á einni hæð í Mosfellsbæ. 3 góð svefnherbergi. Má gera það fjórða. Innangengt í bilskúr. Fallegur bakgarður. Hellulagt bílapiplan. Tvær snyrtingar. Baðherbergi flísalagt í hóf og gólf. Laust strax. **V. 35,7 m.**



Sími:  
**588 55 30**

Opið virka daga frá kl. 9-18

Netfang: [berg@berg.is](mailto:berg@berg.is) • [www.berg.is](http://www.berg.is)

Pétur Pétursson

Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047



## Lágholt

**Nýtt í sölu.** Mjög fallegt 200 fm. einbýli við Lágholt í Mosfellsbæ. Nýlegt eldhús. Flísar á eldhúsi og stofu. Upptekin loft í stofu. Gestasnyrting og gott baðherbergi. 4 svefnherbergi. Glæsilegur sólskáli með arni. Góður frágangur. Einstaklega fallegur garður. Heitur pottur. Þetta er einstök eign við rólega lokaða götu. Skóli, íþróttastaða og hestavöllur í göngufjarlægð. **V. 39,5 m.**

## Ásland 274 fm. einbýli

Afar glæsilegt tveggja hæða 274 fm. einbýli á stórkostlegum útsýnisstað í Mosfellsbæ. Mjög vandaðar innréttingar og gott skipulag. tvö baðherbergi. Nýtt eldhús og 4 svefnherbergi. Mjög stór lóð. hellulagnir og sólpallur. Allt fyrsta flokks. **V. 52 m.**

## Lóðir í Mosfellsdal

Vorum að fá í einkasölu 2 mjög áhugaverðar lóðir í Mosfellsdal. Lóðirnar eru 1,1-1,2 hektarar að stærð og má byggja á þeim einbýli auk hesthúss. Falleg staðsetning og miklir spennandi möguleikar. **V. 12,5 m.**

Berg fasteignasala stofnuð 1989

# Frábærir framtíðarmöguleikar í Mosfellsbæ!

„Það eru komin átta ár síðan ég og fjölskyldan settumst að í Mosfellsbæ. Við fluttumst héðan úr Vesturbænum þar sem ég var alinn upp og líkaði vel. En það er fátt sem jafnast á við Mosfellsbæinn,” segir Marteinn Magnússon sem skipar fyrsta sæti B-listans í Mosfellsbæ fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Marteinn er 44 ára og starfar sem markaðsstjóri hjá heilðsölnni Eggert Kristjánsson hf. Hann er giftur Heidi Andersen sjúkraþjálfara. Marteinn er fráfaraandi formaður Hestamannafélagsins Harðar sem telur á áttunda hundrað félagsmenn en með störfum sínum innan hestahreyfingarinnar hefur hann látið talsvert til sín taka. Marteinn sér marga möguleika fyrir bæjarfélagið sem tengjast bæði hestamenskunni og útivist enda segir hann það hafa verið vel ígrundaða ákvörðun fjölskyldu sinnar að setjast að í Mosfellsbænum.

„Við völdum að flytja í Mosfellsbæinn m.a. vegna hestamenskunnar og útivistar. Við sáum mikla framtíðarmöguleika í þessu bæjarfélagi og við höfum aldrei nokkurn tíma séð eftir þessari ákvörðun. Hér er gríðarlega gott að búa,” segir Marteinn sem er ánægður með bæjarfélagið sitt, en bætir þó við að lengi geti gott batnað.


## Að gera gott bæjarfélag betra

„Hér í Mosfellsbæ eru frábærir möguleikar til að skapa fjölskylduvænt samfélag þar sem jöfnuður og samhyggð ríkir. Ég lít klárlega á það sem kost að búa rétt utan við höfuðborgina, sérstaklega fyrir fjölskyldufólk. En til að gera gott bæjarfélag betra verður að bæta þjónustuna,” segir Marteinn.

„Öll börn eiga til að mynda að hafa rétt á daggæslu frá því fæðingarorlofi foreldra lýkur og eins mætti þjónusta frístundarseljana taka frekara mið af vinnu foreldra. Einnig mætti samræma skóla og frístundir betur svo eitthvað sé nefnt” segir Marteinn sem er umhugað um fjölskyldumálin. Fyrir utan að vera varabæjarfulltrúi hefur hann setið sem fulltrúi Mosfellsbæjar í heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis og á auk þess sæti í fjölskyldunefnd sem fulltrúi B-listans.

“Konan mín heitir Heidi en dæturnar eru þrjár. Þær heita Sunna sem er 21 árs lögfræðinemi við Háskóla Íslands, Helena 17 ára sem er í Verslunarskólanum og Margrét María sem er tveggja ára leikskólanemi á Reykjakoti þar sem hún er á gulri deild,” segir Marteinn brosandí og það leynir sér ekki að hann er stoltur af stelpunum sínum.

„Fljótlega eftir að við fluttum í Mosfellsbæinn hóf Heidi konan mín störf á Reykjalundi sem sjúkraþjálfari. Reykjalundur er örskammt frá heimili okkar að Furubyggð og raunar getur hún sótt alla helstu þjónustu á svæði sem spannar kannski ekki meira en rúman kílómetra. Heimilið, vinnan, leikskóli yngstu dótturinnar, matvöruverslanir ofl. er allt í göngufæri hvort frá öðru,” segir Marteinn sem telur þetta mikinn kost sem hann öfundar konu sína örlítið af. Hann telur að fleiri vilji geta verið í þessari stöðu, að geta



*Myndirlauja.net*

unnið og sótt alla helstu þjónustu á einu og sama svæðinu.

„Ég tel þetta vera mjög eftirsóknarvert og raunar eru mikil lífsgæði fölgín í því að geta starfað svona í heimabyggð. Þess vegna þarf að marka stefnu í atvinnumálum Mosfellsbæjar og markaðssetja bæinn hvað það varðar svo fleiri eigi kost á þessu. Mosfellsbær stækkar mjög ört og því þarf að marka heildstæða stefnu þegar kemur að hlutum eins og atvinnumálunum,” segir Marteinn.

„Hlutverk sveitarfélaga breytist líka ört og mun taka miklum breytingum á næstu árum. Það er nokkuð ljóst að sífellt fleiri verkefni eiga eftir að færast frá ríki yfir til sveitarfélaganna. Þetta er áskorun sem ég tel sveitarfélag á borð við Mosfellsbæ fyllilega í stakk búíð til að takast á við og raunar er það oft svo að sveitarfélögin eru betur til þess búin að leysa mörg þeirra verkefna sem heyra

undir ríkið. Þar finnast líka möguleikar til atvinnuuppbyggingar s.s. með byggingu framhaldsskóla og hjúkrunarheimilis auk þess sem vert er að skoða fjölda annarra möguleika.”

## Ferskir andar innan B listans

Marteinn hefur verið varabæjarfulltrúi í fjögur ár og hefur í gegnum atvinnu sína og félagsstörf aflað sér mikillar reynslu á sviði atvinnu-, íþrótt- og félagsmála. Fram að síðustu sveitarstjórnarkosningum hafði hann ekki starfað með beinum hætti innan Framsóknarflokksins. Fyrir kosningarnar var leitað til hans og hann beðinn um að taka að sér sæti á listanum. Marteinn féllst á það.

„Ég verð að játa að ég kem hálfpartinn úr íhaldsfjölskyldu en það breytir litlu um mig og mínar skoðanir. Ég valdi að ganga í Framsókn vegna þeirra lífsgilda sem eru í þjóðfélaginu í

dag. Með tíð og tíma þroskast maður og finnur sér farveg og stefna Framsóknarflokksins er svona næst minni lífssýn. Einhvern tímann var haft á orði „manngildi ofar auðgildi” og ég tel það bara vera nokkuð nærri lagi,” segir Marteinn og rifjar upp hvernig það kom til að hann var beðinn um að taka sæti á listanum í Mosfellsbæ.

„Ég starfaði sem formaður í Hestamannafélaginu Herði og skilaði að margra mati góðu starfi. Síðan var það Leifur Jóhannesson sem leitaði til mín en hann var í uppstillingarnefnd á þessum tíma. Að endingu ákvað ég að gefa kost á mér í 3. sætið,” rifjar Marteinn upp. Hann segir tímann sem liðið hefur frá síðustu kosningum hafa verið lærdómsríkann og gefandi.

„Ég hef alltaf haft gaman af skoðanaskiptum og umræðum. Á þeim tíma sem ég hef starfað innan framsóknarfélagsins hér í Mosfellsbæ hef ég fundið fyrir því að hér er mikið pláss fyrir mismunandi skoðanir og viðhorf. Þetta hefur veitt mér sérstaka ánægju og með þessu sér maður fleiri fleti á málunum. Fólk innan flokksins er óhrætt við að velta hlutunum fyrir sér og ræða málin til þess að komast að sameiginlegri og skynsamlegri niðurstöðu. Gaman er að segja frá því að margt ungt fólk hefur undanfarið gengið til liðs við B-listann. Talsverð endurnýjun hefur þess vegna átt sér stað og það er mjög jákvæð þróun. Þetta hefur fært með sér ferskan andblæ sem skilar sér í betra, skilvirkara og öflugra starfi innan flokksins,” segir Marteinn sem er bjartsýnn á gott gengi í kosningunum í næsta mánuði.

### Fólk á að fá að taka þátt

Marteinn telur að skoðanaskipti og umræður eigi ekki bara að eiga sér stað innan stjórn-málaflokka. Honum er umhugað um að íbúar fái að taka aukinn þátt í ákvarðanatöku í stærri málum.

„Fátt er mikilvægara en að tekið sé tillit til mismunandi sjónarmiða íbúanna í okkar vaxandi samfélagi. Aukið samráð við íbúana, þar sem einstaklingum og samtökum er gefið tækifæri til að vera enn virkari þátttakendur í stefnumótun og ákvarðanatöku er lykillinn að því að vel takist til með breytingar á samfélaginu. Til að auka lýðræðið er mikilvægt að bæjarfélagið bjóði íbúunum upp á milliliðalaust lýðræði, s.s. í formi beinna atkvæðagreiðslna um mikilvæg mál



sem upp kunna að koma milli kosninga,” segir Marteinn. Honum er umhugað um að sem flestir fái að tjá sínar skoðanir og segir sveitarstjórnarmenn ekki mega missa sjónar af hlutverki sínu.

„Sveitarstjórnarmenn eru þjónar fólksins og þurfa að átta sig á því að þeir eru þarna til þess að uppfylla þarfir íbúanna. Ég á mér þá framtíðarsýn fyrir Mosfellsbæ að íbúabyggð hér þróist í sátt við náttúru og umhverfi. Hvað skipulagsmál varðar þá verða þau alltaf að taka mið af íbúum og umhverfi. Hér eru miklir möguleikar til að gera betur,” segir Marteinn og spjallinu um pólitíkina er slegið á frest. Því næst er hann spurður út í áhugamálin og hvað standi til hjá fjölskyldunni í sumar.

„Hestamennskan er ríkur þáttur í lífi okkar. Fjölskyldan tekur þátt í hestamennskunni og sú yngsta dýrkar hreinlega hestana og skemmtir sér konunglega í hesthúsinu þótt

hún sé ekki farin að fara á bak ennþá. En auk hestamennskunnar hef ég alltaf fylgst vel með íþróttum almennt eða alveg frá því að ég var að æfa handbolta, sund og fótbolta í gamla daga. Ég fylgdist alltaf með því hvernig KR og Aftureldingu gengur þótt að á síðari árum hafi Aftureldingarhjartað stækkað talsvert á kostnað þeirra svarthvítu í Vesturbænum. Síðan finnst mér fátt skemmtilegra en að ferðast um landið, hvort sem er á hestbaki, fótgangandi eða í bíl. Í sumar hefur til að mynda verið skipulögð hestaferð og það er líka búíð að bjóða mér í aðra sem ég veit reyndar ekki hvort ég komist í. En svo er líka fyrirhugað að fara í sumarfrí til Danmerkur þar sem hluti af fjölskyldu konu minnar býr,” segir Marteinn að lokum.



SMUR- OG HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA FYRIR ÖLL FARARTÆKI

ALHLIÐA  
ÞJÓNUSTA  
FYRIR  
SUMARIÐ

**BÆJARDEKK**

SMURSTÖÐ • HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI  
LANGATANGA 1A MOSFELLSBÆ/SÍMI 566 8188 GSM 896 0886



## 1 Marteinn Magnússon

1 er 44 ára og starfar sem markaðsstjóri. Marteinn er fulltrúi B-listans í fjölskyldunefnd og heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis. Marteinn er varabæjarfulltrúi en hann hefur mikla reynslu af atvinnu-, íþrótt- og félagsmálum, en þekktastur er hann sem fráfarandi formaður Hestamannafélagsins Harðar í Mosfellsbæ. Eiginkona Marteins er Heidi Andersen og á hann þrjár dætur Sunnu, Helenu og Margréti Maríu.



## 2 Helga Jóhannesdóttir

2 er 40 ára gömul gift Erni Jónassyni og eiga þau börnin Franz Jónas og Maríu Ísabellu. Helga lauk BS -gráðu í viðskiptafræði frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn og meistaraþráðu í stjórnun og stefnumörkun frá sama skóla. Helga starfar sem sérfræðingur á efnahagssviði Hagstofu Íslands. Hún er formaður Framsóknarfélags Mosfellsbæjar og fulltrúi B - listans í fræðslunefnd.



## 3 Óðinn Pétur Vigfússon

3 er 52 ára og starfar sem kennari. Hann situr í stjórn foreldrafélags Lágafellsskóla, foreldraráði, og er hann fulltrúi foreldra í fræðslunefnd. Óðinn var varaformaður atvinnu- og ferðamálanefndar á vegum B-listans og jafnframt fulltrúi í jafnréttisnefnd. Óðinn á fjóra syni, Alexander, Atla Pétur, Kristinn og Jóhann Michael og á auk þess eitt barnabarn. Óðinn er giftur Sonju Riedmann sjúkraþjálfara.



## 7 Halla Karen Kristjánsdóttir

7 er 36 ára og stúdent frá Menntaskólanum í Hamrahlíð og menntaður íþróttakennari frá Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni. Hún starfar sem íþróttakennari við Borgarholtsskóla, en kennir auk þess við Íþróttaskóla barnanna ásamt heilsuræktarþjálfun í líkamsræktarstöðinni Í Toppformi. Halla Karen er varabæjarfulltrúi og situr sem fulltrúi B-listans í íþrótt- og tómstundanevnd bæjarins. Halla Karen er gift Elíasi Níelssyni og eiga þau dæturnar Sif og Elvu Margréti.



## 8 Óli Kárason Tran

8 er 31 ára og er með sveinspróf í bílamálun frá Borgarholtskóla og í bílaréttningum frá Iðnskólanum í Reykjavík. Hann starfar sem veitingastjóri á Veitingahúsinu Asíu. Óli er í sambúð með Helgu Björk Pálsdóttur og eiga þau tvö börn, Diljá Ösp og Alexander Kára.



## 9 Sigríður Sigurðardóttir

9 er 33 ára, starfar sem ritari í Varmárskóla en stundar jafnframt nám í Kennaraháskóla Íslands á tómstundabraut. Sigríður hefur setið í ýmsum nefndum fyrir B-listann frá árinu 1998, nú síðast í umhverfisnefnd. Sigríður er í sambúð með Sölva Arnórssyni og eiga þau börnin Hafþór og Katrínu Mjöll.

**exbé**



## 13 Bryndís Bjarnarson

13 er 41 árs og bæjarfulltrúi B-listans. Hún er stúdent frá Fjölbrotarskólanum í Breiðholti en er nú nemandi í félagsvísindadeild við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Bryndís situr í bæjarstjórn Mosfellsbæjar og hefur gegnt ýmsum nefndarstörfum fyrir Mosfellsbæ. Bryndís er formaður Landsambands framsóknarkvenna, LFK. Börn Bryndísar eru Ragnheiður, Steinunn og Sölvi Þór.



#### 4 Halldóra Magný Baldursdóttir

er 45 ára og starfar við gæða-, umhverfis- og öryggismál hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Halldóra starfaði fyrir barnarverndarnefnd Reykjavíkur frá 1990-1997, en þar á undan gegndi hún ýmsum bankastörfum. Hún sat í hreppsnefnd Vatnsleysustrandar-hrepps frá 2002-2004. Hvað félagsstörf varðar er Halldóra í stjórn Golfklúbbs Bakka-kots. Halldóra á þrjú börn, Sigurð Eggert, Hilmar Þorbjörn og Helgu Elínu.




#### 5 Eva Ómarsdóttir

er 23 ára laganemi við Háskólann í Reykjavík. Eva lauk stúdentsprófi af hagfræðibraut Verslunarskóla Íslands vorið 2002 og hóf laganám við Háskólann í Reykjavík haustið 2002 og lauk þaðan BA-prófi vorið 2005. Hún stundar nú meistaranám í lögfræði og mun ljúka því vorið 2007. Eva sat í útskriftarnefnd laganema skólaárið 2004-2005 og situr nú í afreksnefnd Golfklúbbsins Kjalar. Hún hefur stundað golfíþróttina frá 11 ára aldri og er fyrrverandi Íslandsmeistari í golfi. Með námi sínu í lögfræði starfar Eva á lögfræðisviði KB banka.



#### 6 Kristbjörg Þórisdóttir

er 27 ára forstöðumaður og nemi. Kristbjörg lauk námi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1998, Hún lauk BA gráðu í sálfræði árið 2002 frá HÍ og diplóma gráðu í fötlunarfræði frá HÍ í febrúar 2006. Kristbjörg er MA nemi í fötlunarfræði við HÍ samhliða starfi. Hún hefur starfar sem forstöðumaður á sambýli fyrir fatlað fólk hjá SSR (Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Reykjavíkur) frá árinu 2004 en hún hefur starfað á sambýlinu frá 1999. Kristbjörg á þrjár systur og þar af eina tvíburasystur.



#### 10 Leifur Kr. Jóhannesson

er 73 ára, Snæfellingur að ætt og uppruna. Hann starfaði sem búnaðarráðunautur í 27 ár, en síðan sem framkvæmdastjóri Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Lánasjóðs landbúnaðarins í 15 ár. Leifur hefur sinnt margvíslegum félagsmálastörfum m.a. sveitarstjórnarmálum. Leifur er kvæntur Maríu S. Gísladóttur og eiga þau 5 börn og 11 barnabörn.



#### 11 Kolbrún Haraldsdóttir

er 40 ára og er búfræðingur frá Bændaskólanum á Hvanneyri, en nú nemi á þroskaþjálfabraut KHÍ. Hún hefur setið í ýmsum nefndum fyrir B-listann frá árinu 1998, nú síðast í menningarmálanefnd. Kolbrún á þrjú börn, Ragnhildi, Sigurð Heiðar og Hrafnvísi Kötlu.



#### 12 Eyjólfur Árni Rafnsson

er 48 ára framkvæmdastjóri. Hann er með doktorspróf í verkfræði frá Missouri háskóla í Bandaríkjunum. Eyjólfur Árni sat í skipulags- og byggingarnefnd fyrir B-listann frá 1998 til 2004, þar af formaður fyrstu fjögur árin. Eyjólfur Árni er kvæntur Egilínu S. Guðgeirsdóttur og eiga þau fjóra syni, Rúnar Þór, Rafn, Reyni Inga og Róbert.



#### 14 Pröstur Karlsson

er 54 ára verslunarstjóri. Hann lauk námi frá Samvinnuskólanum á Bifrost. Pröstur hefur setið í bæjarstjórn og bæjarráði Mosfellsbæjar frá 1994. Hann hefur verið forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs. Pröstur hefur setið í hinum ýmsu stjórnnum og nefndum á vegum bæjarins og situr nú í bæjarráði og skipulags- og byggingarnefnd fyrir B-listann. Pröstur er giftur Önnu H. Gísladóttur og eiga þau þrjú börn, Gísla, Kristinn og Nínu.



# Það er gott að búa í Mosfellsbæ

Það eru margvíslegar ástæður fyrir því að við Mosfellingar búum í Mosfellsbæ en eitt er víst að okkur hlýtur að líða vel hér, annars værum við ekki búsett í bænum. En ekki eru allir jafn ánægðir, sumir hverjir flytjast því miður á brott sem getur m.a. stafað af óánægju með þá þjónustu sem veitt er hér í bæjarfélaginu en aðrir sjá ef til vill að hægt er að bæta samfélag íbúanna hér. Til að hafa áhrif á þetta bjóða þessir aðilar sig oft á tíðum fram til sveitarstjórnarkosninga. Á B-listanum er hópur ánægðra Mosfellinga en við teljum þrátt fyrir það að enn sér hægt að bæta ýmislegt í okkar annars ágæta samfélagi.



Helga Jóhannesdóttir

Þátttaka kvenna á vinnu- markaðnum, aukin tækni-væðing ýmiss konar svo ekki sé minnst á alþjóða-væðingu sem hafa áhrif á daglegt líf okkar. Allt þetta hefur leitt til þess að kröfur á hinum almenna vinnumarkaði til launþega hafa aukist, foreldrar gera kröfur um aukna og betri þjónustu börnum sínum til handa og við viljum að öldruðum séu búin áhyggjulaus ævikvöld í sinni heimabyggð. Atvinnu og þjónustu viljum við geta sótt að mestu leyti í nágrenni heimila okkar.



Halldóra Baldursdóttir

Þeim breytingum, áherslum og kröfum sem íbúar sveitarfélagsins gera, þarf sveitarfélagið að mæta. Breytingar og væntingar á vinnumarkaði til launþega kalla á bættu þjónustu sveitarfélagsins við börn, hvort sem þau eru á leik-, grunnskóla- eða framhaldsskólaaldri. Breytingar á lífsháttum okkar kalla á breyttar áherslur í lýðheilsu og þar getur sveitarfélagið lagt sitt að mörkum. Breytingar í áherslum í málefnum aldraðra þarfnast endurskoðunar á áherslum sveitarfélagsins í málaflokknum en einnig áherslum ríkisins.

Margir líta á Mosfellsbæ sem svefnbæ og víst er að bærinn hefur að mörgu leyti sofíð þyrnirósarsvefni síðustu árin. Það er ekki ásættanlegt að bær, líkt og Mosfellsbær vakni einungis til lífsins á fjögurra ára fresti, árið fyrir kosningar. Bærinn á að vera lifandi enda er sífellt verið að gera kröfur um bættu þjónustu bæjarbúum til handa.

Mosfellsbær hefur vaxið ört síðustu áratugina og áætlað er að fjölgun íbúa næstu árin verði gífurleg. Við megum ekki missa sjónar á því hvers vegna við Mosfellingar búum hér í bæjarfélaginu. Við eigum að leitast við að hlúa að ósnortinni náttúru, gróðri og kyrrð, stuðla að sem öflugustu íþrótt- og félagslífi en slíkt hefur mikið forvarnargildi og stuðlar að bættri lýðheilsu hér í bænum fyrir alla, allt æviskeiðið. B-listinn í Mosfellsbæ er skipaður drífandi og dugmiklu fólki, fólki sem er tilbúið til að vinna fyrir þig ágæti Mosfellingur, tilbúið til að hlúa að öllu því góða í Mosfellsbæ og bæta það sem betur mætti fara.

Helga Jóhannesdóttir og Halldóra Baldursdóttir frambjóðendur B-listans í Mosfellsbæ.

Þjóðfélagsaðstæður hafa breyst mikið síðustu árin og áratugina. Aukin menntun, aukin



## Ummæli ársins


Tilvonandi kosningaskrifstofa VG fjarlægð í skjóli myrkurs samkvæmt ákvörðun bæjarstjóra.

### Ummæli ársins tekin af Vísi.is:

“Ragnheiður Ríkhardsdóttir, bæjarstjóri og fyrsti maður á lista Sjálfstæðisflokksins, segir málið ekki snúast um pólitík.”



**Gleðilegt sumar**



Myndir/Ingólfur Júlíusson

# Skóli fyrir alla

Það væri ekki annað en sanngjarnt að segja að öll sveitarfélög vilji hafa góða skóla og þetta á líka við um Mosfellsbæ. Mikið hefur verið gert til að bæta skóla bæjarins, oft við erfiðar aðstæður, til að halda uppi góðri kennslu og öðrum uppeldislegum þáttum. Umgjörð skólanna í Mosfellsbæ hefur hinsvegar ekki verið í takt við gefin loforð sjálfstæðismanna hér í bæ.

Þegar talað er um sjálfstæði skóla þá vita flestir að sá sjálfstæði þáttur er afar miðstýrður og gefur því ekki rétta mynd af þeirri hugmyndafræði sem þar liggur að baki. Velferð nemandans tekur mið af þeim stjórnunarlegu aðferðum sem viðhafðar eru hverju sinni. Starfsmenn skóla vita þetta og vita jafnframt að ánægt starfsfólk smitar af sér ánægju inn í skólastarfið.

Til þess að skólar verði lifandi grundvöllur mennta og uppeldis, þurfa allir að koma þar að og eru foreldrar lykilatriði í þessu sambandi. Foreldrasamstarf er háð því að foreldrar taki virkan þátt í skólastarfinu sem oft hefur reynst eftitt. Þetta er ekki endilega



vegna þess að foreldrar vilji ekki taka þátt í foreldrasamstarfinu, heldur er um að kenna þeirri umgjörð og þeim hefðum sem skólar hafa mótað. Þegar kemur að stefnumótun



skóla þá eru þar fyrirfram gefnir rammar sem allir skólar þurfa að vinna eftir. Þetta ætti þó ekki að hindra það að sem flestir reyni að láta eitthvað gott af sér leiða þegar kemur að skólamállum.

Mosfellsbær vex hratt og eru uppi ýmsar hugmyndir hvað varðar nýja skóla. En hvernig skóla viljum við?

- Við höfnum einkavæðingu skyldunáms. B-listinn vill að hverfisskólinn verði þannig úr garði gerður að barnið geti verið þar í öllum bekkjardeildum frá leikskóla til loka skyldunáms. Þetta má þó ekki vera það stíft fyrirkomulag að ekki verði hér undantekningar.
- Við viljum að nemandinn verði fyrir sem minnstu raski í sinni skólagöngu og akstur með þá um bæinn verði í algjöru lágmarki.
- Við viljum að listgreinar verði kenndar við skólana þannig að allir fái tækifæri til að njóta listar í breiðum skilningi án tillits til fjárhags foreldra.
- Við viljum að bæjarfélagið sýni meiri metnað varðandi heildstæðan skóla með gæslu og tómstundastarf eftir skóla. Nauðsynlegt er að endurskoða gæslu barna í bænum, bæði hvað varðar ytri sem innri umgjörð.

Skólar framtíðarinnar eiga að vera hringiða gleði, sköpunar og þekkingar. Val nemenda á að auka og foreldrar eiga að hafa áhrif þar á. Til þess að allir verði ánægðir með sinn skóla er mikilvægt að starfsmenn skóla finni að þeir séu metnir að verðleikum. Bærinn þarf að skapa jákvæðari umgjörð á milli starfsmanna skóla og yfirvalda.

Á þessum grundvelli eigum við samleið.

*Óðinn Pétur Vigfússon  
skipar 3. seti á framboðslista B-listans*



### Löggæslumál

Fjölskyldunefnd hefur áhyggjur af óviðunandi löggæslu í bæjarfélaginu. Á 55. fundi fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar þriðjudaginn 7. febrúar sl. var samningur Mosfellsbæjar og Rannsóknar og greiningar á högum ungs fólks í Mosfellsbæ til umræðu.

Hverfislögreglumaður Mosfellsbæjar mætti á fundinn til að ræða málefni ungmenna. Fjölskyldunefnd bókaði eftirfarandi á fundinum:

Fjölskyldunefnd lýsir yfir áhyggjum sínum á löggæslumálum í bænum, og þá sérstaklega hvað varðar viðbragðstíma lögreglu. Fjölskyldunefnd leggur til við bæjarstjórn að beina erindi til Lögreglustjórans í Reykjavík vegna óviðunandi þjónustu við íbúa Mosfellsbæjar á kvöldin og um helgar.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar fundaði miðvikudaginn 15. febrúar og í fundargerð má sjá eftirfarandi: Tilmæli 55. fundar fjölskyldunefndar, um að beina því til Lögreglustjórans í Reykjavík að þjónusta við íbúa Mosfellsbæjar á kvöldin og um helgar sé óviðunandi. Bæjarstjórn tekur undir bókun nefndarinnar og samþykkir að fela bæjarstjóra að fara fram á fund með lögreglustjóra.

### Veggjakrot

Töluvert er um veggjakrot í bænum. Í flestum tilfellum er slíkt lýti á byggingum og til mikils ama fyrir eigendur. Mikilvægt er samt sem áður að koma til móts við þá „listamenn“ sem stunda graffiti af alvöru fremur en að banna allt veggjakrot. Vissulega er þetta ekki allt fallett. Ágætt væri að reyna að ná til þeirra sem þetta stunda og virkja sköpunarkraft þessara ungmenna í stað þess að gera þetta að glæpsamlegu athæfi.

### Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis samþykkir starfsleyfi fyrir plastverksmiðju í Mosfellsbæ

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis samþykkti á fundi sínum 3. janúar sl. starfsleyfi fyrir Borgarplast fyrir rekstur á hverfissteypu- og frauðplast- og kassaverksmiðju að Völuteigi 25-31. Málið var áður kynnt á fundi þann 13. desember sl. Samþykkt var að veita Borgarplasti starfsleyfi með öllum greiddum atkvæðum gegn atkvæði Marteins Magnússonar (B-listans) eins fulltrúa Mosfellsbæjar í nefndinni en bókun hans var eftirfarandi:

„Með vísan til 4. mgr. 24 gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 þar sem m.a. kemur fram að hæfileg fjarlægð skuli vera á milli mannaústaða og starfsemi sem valdið getur samsvarandi óþægindum eins og sú sem talin er upp í 1. mgr. Ekki liggur fyrir svo öruggt getur talist að ekki stafi lyktarmengun frá umræddu fyrirtæki og því sé ekki tryggt að íbúar nærliggjandi byggðar verði ekki fyrir óþægindum m.a. vegna lyktar frá starfsemi. Ekkert liggur fyrir um hvernig megi koma í veg fyrir lyktarmengun frá fyrirtækinu á þessu stigi og því getur fulltrúi B-listans ekki samþykkt starfsleyfið.“

Framkvæmdastjóra var falið að semja starfsleyfisskýrði fyrir starfsemi.

Margir bæjarbúar eru undrandi á að nefndin skuli samþykkja starfsleyfi verksmiðjunnar svo nálægt íbúðabyggð sérstaklega þegar litið er til þess að starfsemi verður aðeins nokkur hundruð metra frá núverandi byggð og fyrirhugaðri byggð í Krikahverfi og Helgarfellshverfum.



## Viltu selja...

— hafðu samband —

Einar Páll Kjærnested • Löggiltur fasteignasali

**Fasteignasala  
Mosfellsbæjar**

Sími: **586 8080**  
www.fastmos.is  
Pverholti 2 • Mosfellsbæ

**JAKO** PURE LIME  
Erobik fatnaður frá Danmörku

Pverholt 2 2. hæð • 270 Mosfellsbær  
Sími 566 7310 • 896 0131 • 896 1990  
Fax 566 7281  
e-mail namo@namo.is  
netfang www.namo.is

**NAMO** EHF.

## GLÆDILEGA PÁSKA

---

**ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ  
MOSFELLSBÆJAR**

---

## HENGILL EHF

---

**FJÖLHÖNNUN** ehf

Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík  
Sími 525 0300 • Fax 525 0309

---

**ENORMA**  
MÚR- & RAFVERKTAKAR  
GSM 898 8686 / 892 5107

---

**Dalsgarður**  
— við gerum rósir —

---

**BLIKKSMIÐJAN  
BORG** ehf.

---

**HSH**  
BYGGINGAMEISTARAR

SÍMI 566 74 84

# 55,7% hækkun fasteignagjalda í Mosfellsbæ



Mynd/Ingólfur Júlíusson

Fjölmargir húseigendur í Mosfellsbæ hafa lýst yfir mikilli óánægju með hækkun fasteignagjalda á fjögurra ára valdatíð sjálfstæðismanna í bænum. Sem dæmi hafa gjöld hjá einum þeirra hækkað úr kr. 141.697 í kr. 196.293. Til að draga úr áfallinu þá var gjalddögum fjölgað úr 8 í 9.

Það var því kærkomið að fá hlutlausu úttekt Alþýðusambands Íslands (ASÍ) á þróun fasteignagjalda á höfuðborgarsvæðinu síðustu 4 ár sem er sami tími og sjálfstæðismenn hafa verið við völd. Í skýrslunni koma m.a. fram eftirfarandi staðreyndir varðandi fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði á tímabilinu 2003-2006.

Til að hafa tölur samanburðarhæfar þá er fjallað um fasteignagjöld á hvern íbúa á tímabilinu.

## Hvergi er meiri hækkun fasteignagjalda á tímabilinu en í Mosfellsbæ



Eins og sjá má á framangreindri töflu hefur Mosfellsbær því miður vinninginn hvað varðar hækkun fasteignagjalda á hvern íbúa.

Það er athyglisvert að einungis Hafnarfjörður virðist fylgja þeirri stefnu að hækka fasteigna-

skatta til jafns við vísitölu neysluverðs. Önnur bæjarfélög virðast falla í þá freistingu að nýta hækkun fasteignamats til að auka tekjur sínar og þar með álögur á íbúa sína og í þessum efnum fá sjálfstæðismenn í Mosfellsbæ þann vafasama heiður að vera í fararbroddi.

## Fasteignaskattar á íbúa í krónum talið eru næst hæstir í Mosfellsbæ:


Staður	krónur
Seltjarnarnes	30.390
Mosfellsbær	26.340
Kópavogur	24.230
Reykjavík	22.440
Garðabær	22.400
Hafnarfjörður	18.420
Akureyri	17.280
Reykjanesbær	16.560

Fasteignaskattar í krónum á hvern íbúa eru hæstir á Seltjarnarnesi samkvæmt útreikningi í skýrslu ASÍ eða kr. 30.390,- en næst hæstir í Mosfellsbæ kr. 26.340,-

Fjölgun íbúa í Mosfellsbæ er öllum gleðiefni og léttir það rekstur bæjarins verulega. Það er því bæði óþarfi og óþolandi hjá sjálfstæðismönnum að fara offari í skattheimtu á íbúðarhúsnæði eins og raunin er.



NÓI SÍRÍUS



Mynd/Ingólfur Júlíusson

Hagnast bæjarstjórinn um tugi milljóna?

## Leirvogstungulandið tekið fram fyrir

Margir landeigendur sitja sárir í dag eftir að Leirvogstunguland var tekið fram fyrir í uppbyggingu miðað við núgildandi aðalskipulag bæjarins sem er í gildi til ársins 2024. Uppbygging landa eins og Blikastaða-, Helgafells-, og Lágafellslands, sem eru í einkaeign, áttu að vera á undan Leirvogstungulandi í uppbyggingu, en aðalskipulag bæjarins nær til ársins 2024.

Mosfellsbær setti í vetur fram óskir til svæðisskipulagsráðs höfuðborgarsvæðisins um að gera frávík frá skipulaginu og leyfa Leirvogstungu að stinga sér fram fyrir hin landsvæðin þrjú. Deiliskipulagi er lokið og auglýsingaferli hafið um breytt aðal- og deiliskipulag, en því lýkur á næstu vikum. Gert er ráð fyrir að um 400 sérbylisíbúðir verði á þessum hluta jarðarinnar. Aðaleigandi landsins er Leirvogstunga ehf., en á meðal minni landeigenda er núverandi bæjarstjóri Mosfellsbæjar sem fær með þessu skipulagi amk. 6 nýjar einbýlishúsalóðir á sinni landareign. Áætla má, miðað við fréttir um söluverðmæti lóða, að hver einbýlishúsalóð sé metin á 12-18 milljónir króna og er því áætlað söluverðmæti fyrir þessar 6 lóðir á bilinu

72-108 milljónir króna til handa núverandi bæjarstjóra Mosfellsbæjar. Það sjá allir að hér eru á ferðinni verulegir hagsmunir í því fólgur að fá að skipuleggja og vera framarlega í röðinni með uppbyggingu svæðis eins og Leirvogstungu, en áætlað er að uppbygging þessa svæðis hefjist nú á næstu vikum.

Beiðni eigenda Leirvogstungulands gekk vel og hljótt fyrir sig en öðrum landeigendum var ekki boðið upp á sömu kjör og hvað þá hraða meðferð. Einhverjir spyrja, af hverju? Þessu getur þú, ágæti bæjarbúi, velt fyrir þér. Skiljanlega eru hinir landeigendurnir óánægðir með þetta og finnst að ekki hafi verið farið að leikreglum. Þeir sitja í dag eftir með sárt ennið og stóra á gamla aðalskipulagið, en uppbygging landsvæða í þeirra eigu verður að fara eftir því skipulagi. Óskir flestra þessara landeigenda um hraðari uppbyggingu svæða í þeirra eigu hefur verið svarað neitandi. Landsvæði undir skipulag og úthlutanir fyrir einbýlishús er lítið í eigu Mosfellsbæjar. Það verða því landeigendur en ekki bæjarfélagið sem verða í fararbroddi með sölu lóða í Mosfellsbæ næstu árin.

## Bið loks á enda mislæg gatnamót

Vegagerðin hefur nú boðið út mislæg gatnamót á mótum Suðurlands- og Vesturlandsvegur. Í verkinu felst að byggja brú (eina akrein í hvora átt) yfir Nesbraut (Vesturlandsveg) þar sem hún tengist Hringvegi á mótum Suðurlandsvegur og Vesturlandsvegur, nýjan Suðurlandsveg að brúnni á 300 m. kafla og tilheyrandi rampa, aðreinar og fráreinar til að fullmóta þessi mislægu gatnamót. Einnig er ráðgert að gera nýja skeringu í gjánni við Suðurlandsveg. Verklök eru áætluð þann 1. nóvember n.k. Þessi framkvæmd er mikið fagnaðarefni fyrir Mosfellinga sem og aðra landsmenn. Þessi gatnamót eru mikill flöskuháls en biðraðir hafa verið alla leið frá Mosfellsbæ og niður í Ártúnsbrekku.



*Einföld og góð gjöf*



Lindt

 **HEILSA**  
& FORVARNIR

Heilsusýning verður haldin í listasalnum í Kjarna 4. og 5. maí n.k.

Mælingar, prófanir og lífstílsstengd efni.

Fyrirlestrar verða um hollustu og fleira.